

Frumvarp til laga

um

útflytningsgjald af söltuðu sauðakjöti.

(Lagt fyrir alþingi 1916).

1. gr.

Auk útflytningsgjalds samkvæmt lögum nr. 16, 16. septbr. 1915, skulu af hverri tunnu saltaðs sauðakjöts (112 kíló), þar með taldar rullupylsur, sem út úr landinu flytjast, af framleiðslunni árið 1916, greiddir landssjóði 75 aurar.

Um innheimtu gjaldsins, sektir, málsmeðferð, reikningsskil o. fl. fer eftir 3.—8. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefur áunnist alveg nýlega að engar hömlur verði lagðar af hálfu Breta á útflytning hjeðan innan tiltekins tíma til Noregs á saltkjöti því, sem enn er hjer eftir af þessa árs framleiðslu, að undanteknum 300 tunnum saltkjöts, sem seljast til Bretlands. Með því að verðið á kjötinu, sem fer til Bretlands, er mun lægra en það, sem ætla má að faist fyrir kjötið í Noregi, taldi landsstjórnin rjett, að landssjóður bæri verðmuninn, en fengi hann aftur endurgoldinn af þeim, sem tækifæri fengju til að selja kjöt sitt hærra verði til Noregs. Voru í því skyni gefin út bráðabirgðalög þau frá 4. desbr. þ. á., sem prentuð eru sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu og lögð eru hjermeð fyrir alþingi.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

útflutningsgjald af söltuðu sauðakjöti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherra Vor fyrir Ísland hefur tjáð Oss, að það þyki nauðsynlegur þáttur í ráðstöfunum þeim, sem gerðar hafa verið til skipulags versluninni, að íslenska stjórnin kaupi lítið eitt af saltkjöti til þess að afhenda það öðrum fyrir lægra verð en annars sje fáanlegt. Til þess að bæta landssjóði halla af þessu, teljum Vjer brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaga, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, um útflutningsgjald á saltkjöti.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Auk útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 16, 16. septbr. 1915, skulu af hverri tunnu saltaðs sauðakjöts (112 kíló), þar með taldar rullupylsur, sem út úr landinu flytjast af þessa árs framleiðslu, greiddir landssjóði 75 aurar.

Um innheimtu gjaldsins, sektir, málsmeðferð, reikningsskil o. fl. fer eftir 3.—8. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 4. desember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.